

Sáttamiðlunarverkefni hjá lögreglustjórum um land allt

Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum hefur nú verið innleitt hjá öllum lögreglustjóraembættum á landinu. Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra ákvað í maí 2006 að hrinda verkefninu af stað til tveggja ára og þá um haustið hófst sáttamiðlun hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, nú lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Í október og nóvember 2007 hófst svo innleiðing sáttamiðlunar á landsbyggðinni. Nú hefur eftirlitsnefnd með verkefninu skilað stöðuskýrslu til ráðherra en metið verður við lok verkefnistímans hvort úrræðið verði varanlegur hluti refsivörslukerfisins.



Á þriðja tug mála hefur verið vísað til sáttamiðlunar á tímabilinu, langflestum hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru minniháttar líkamsárásarmál í meirihluta, en einnig er um að ræða mál vegna eignaspjalla, þjófnaða o.fl. Langflestir gerendur í þessum málum voru á aldrinum 15-18 ára. Í skýrslu eftirlitsnefndarinnar kemur fram að sátt hafi náðst í öllum málunum og málsaðilar séu almennt ánægðir með niðurstöðuna.

Til að mál geti farið í sáttamiðlun verður brot að vera smáfellt og/eða varða við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um þjófnað, gripdeild, húsbrot, hótun, eignaspjöll, minniháttar líkamsárás, nytjastuld eða minniháttar brot gegn valdstjórninni. Ákærandi metur hvort mál séu tæk til slíkrar úrlausnar. Finni gerandi og þolandi lausn á málinu gera þeir með sér sáttasamning. Þegar sáttasamningurinn er efndur er málið fellt niður en að öðrum kosti fer það sína hefðbundnu leið í réttarkerfinu. Lögreglumenn annast sáttamiðlunina á grundvelli sáttaaðferðar að erlendri fyrirmynd sem kallast „Real Justice“ en samkvæmt henni fylgja sáttamenn ákveðnu handriti við sáttamiðlunina. Leiðbeinendur frá Bretlandi og Bandaríkjunum voru fengnir til að kenna lögreglumönnum sáttaaðferðina.

Markmið tilraunaverkefnisins er tvíþætt: í fyrsta lagi að fá úr því skorið hvort úrræðið sé til

hagsbóta jafnt fyrir þolendur afbrota, gerendur og samfélagið í heild. Í öðru lagi að sannreyna að með því að beita úrræðinu hjá lögreglu megi leysa mál á einfaldari hátt en áður og ná þannig meiri skilvirkni og hagræði í réttarkerfinu.

Í stöðuskýrslu eftirlitsnefndarinnar kemur fram að verkefnið hafi gengið mjög vel. Svör þátttakenda bendi eindregið til þess að vel hafi tekist til í þeim málum þar sem sáttamiðlun hefur verið beitt. Stöðugt fleiri málum sé vísað til sáttamiðlunar og þannig þjálfist verklagið smátt og smátt og skilvirkni aukist. Í skýrslunni er farið yfir þætti sem mætti taka til umhugsunar og hvetur nefndin til þess að lögregluembættin setji sér markmið um sáttamiðlun í opinberum málum.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var 20 málum vísað til sáttamiðlunar frá 1. október 2006 – 30. september 2007. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að sáttamiðlun sé bæði mikilvægt og nauðsynlegt úrræði í refsivörslukerfinu eins og reynsla annarra þjóða sýni. „Skilvirk beiting sáttamiðlunar hefur jákvæð áhrif, ekki einungis gagnvart brotamanninum sjálfum heldur ekki síður gagnvart þolandanum og eykur í mínum huga tilrú almennings á réttarvörslukerfið.“

Hvað er sáttamiðlun?

Uppbyggileg réttvísi (restorative justice) nefnist hugmyndafræði um að leita sátta milli brotamanns og brotaþola í afbrotamálum. Sáttamiðlun (mediation) er sú aðferð sem oftast er beitt í því skyni. Í sáttamiðlun felst að brotamaður og brotaþoli eru leiddir saman til að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur beitt og fá hann til að friðmælast við brotaþola með það fyrir augum að þeir komist að samkomulagi um málalok.

Að baki sáttamiðlunar býr sú grundvallarhugmynd að fólk sé sjálft best fært um að leysa úr ágreiningsmálum sínum. Leitast er við að ljúka málum á einfaldan og fljótlegan hátt þannig að sýnileg tengsl séu milli hins refsiverða verknaðar og málaloka. Með því er spornað gegn frekari afbrotum. Sáttamiðlun er talin líklegri til að hafa sérstök varnaðaráhrif á brotamann en hinar hefðbundnu refsiaðferðir. Sáttamiðlun er sérstaklega æskilegt úrræði í málum vegna brota ungmenna 15-21 árs.



Stefán segir að tilraunaverkefnið hafi gengið ágætlega á höfuðborgarsvæðinu og sáttamiðlun verði örugglega nýtt til frambúðar. „Ábendingar nefndarinnar í skýrslunni eru allar góðar og til þess fallnar að festa þetta úrræði enn frekar í sessi. Við munum leggja vel yfir álitaefni og móta næstu skref í samvinnu við dómsmálaráðuneytið.“

Góður árangur á Vestfjörðum

Verkefnið var innleitt hjá lögreglustjóranum á Vestfjörðum í október sl. og á sjö vikna tímabili lauk fjórum málum þar með sáttamiðlun. Þá hefur embættið þegar vísað fleiri málum til sáttameðferðar.

Að mati eftirlitsnefndarinnar er áhugavert og hvetjandi að fylgjast með framgangi innleiðingar úrræðisins þar enda bendi fyrstu niðurstöður til þess að árangurinn sé frábær. Þar hafi verið tekin fyrir vandasöm mál þar sem lögfræðikostnaður og bótakröfur hafi jafnframt komið til umfjöllunar og sáttagerðar.

Sjá einnig umfjöllun um sáttamiðlun og skýrslu nefndarinnar á vef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

